




NETRÍKIÐ ÍSLAND

Stefna ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið
2008 – 2012





Ávarp forsætisráðherra


Ríkisstjórnin hefur markað stefnu um upplýsingasamfélagið fyrir árin 2008 til 2012 undir kjörorðinu *Netríkið Ísland*. Þetta er í þriðja sinn sem íslensk stjórnvöld markað slíka stefnu. Heiti hennar vísar til þess að alla opinbera þjónustu verði hægt að nálgast á Netinu eftir því sem við á. Einnig vísar heitið til þess að ríkið vinni sem ein heild eða eitt samhæft net en slík samhæfing er lykilatriði til að bæta megi opinbera þjónustu, auka skilvirkni og stuðla að öflugri framþróun.



Ísland er framarlega í heiminum í ýmsum þáttum upplýsingatækninnar. Má þar nefna tölvueign, tölvunotkun, netnotkun og notkun þeirrar þjónustu sem í boði er á Netinu. Talsvert hefur hins vegar skort á framboð á slíkri þjónustu af hálfu opinberra aðila og hefur Ísland dregist aftur úr samanburðarríkjunum. Mikilvægt er að breyting verði þar á og þjónusta er því rauði þráðurinn í hinni nýju stefnu. Framtíðarsýnin er sú að Íslendingar verði fremstir þjóða í rafrænni þjónustu og nýtingu upplýsingatækni. Til mikils er að vinna fyrir fólk og fyrirtæki sem með bættri þjónustu geta sparað bæði tíma og fjármuni. Auk þess eykst skilvirkni í ríkisrekstri til hagsbóta fyrir samfélagið í heild.

Mikilvægt er að vel takist til með framkvæmd stefnunnar en árangur ræðst af því að opinberir aðilar taki höndum saman um að móta samhæft net opinberrar þjónustu þar sem gögn ferðist milli stofnana en ekki fólk.



Geir H. Haarde





STEFNAN Í HNOTSKURN

FRAMTÍÐARSÝN

Íslendingar verði fremstir þjóða í rafrænni þjónustu og nýtingu upplýsingatækni

LEIÐARLJÓS: Notendavæn og skilvirk þjónusta – engar biðraðir

Þjónusta

Ísland verði netríki – gæðaðþjónusta með sjálfsafgreiðslu á einum stað

- Sjálfsafgreiðsla á Netinu** – umsóknir, vottorð, tilkynningar, tímapantanir, gagnaskil
- Netmiðstöð** – öll þjónusta aðgengileg á einum stað á Island.is
- Upplýsingaþjónusta** – aðgengi að persónubundnum og almennum gögnum í vörslu opinberra aðila
- Netborgarinn** – gæðaðþjónusta miðuð við þarfir allra

Skilvirkni


Netríkið verði skilvirkt, einfalt og öruggt – gögn ferðist milli stofnana en ekki fólk

- Samræmt heildarskipulag** – stöðlun, samræming, samvinna og öryggi
- Einfaldari stjórnsýsla** – lykilverkefni
 - Rafræn skilríki, rafrænar greiðslur, rafræn innkaup
 - Samræmt aðgengi að lykilskrám í vörslu opinberra aðila
 - Minni skrifinnaska, aukin sjálfvirkni
 - Hindrunum rutt úr vegi, meðal annars lagaegum
 - Störf óháð staðsetningu

Framþróun

Samkeppnishæfni netrikisins byggist á virku lýðræði, góðri menntun og öflugu atvinnulífi

- Nýsköpun og rannsóknir** – vera skrefinu á undan
- Menntun** – virk notkun upplýsingatækni við nám og kennslu
- Samskipti og lýðræði** – auknir möguleikar fólks til þátttöku í ákvarðanatökuferlum opinberra aðila, tilraunir með rafrænar kosningar á sveitarstjórnarstigi
- Atvinnulíf** – áhersla á útvistun og notkun upplýsingatækni til að bæta alþjóðlegt samkeppnisumhverfi íslenskra fyrirtækja



Inngangur

Stefnan byggist á þremur stoðum, þjónustu, skilvirkni og framþróun. Fyrir hverja stoð eru sett fram markmið ásamt aðgerðalista. Í stefnunni er að finna lista yfir helstu aðgerðir en þar sem upplýsingasamfélagið er í örri þróun og umhverfið breytist hratt getur slíkur listi aldrei orðið tæmandi. Því er mikilvægt að útbúa framkvæmdaáætlun og endurskoða hana árlega.

Til þess að árangur náist í framkvæmd stefnunnar er nauðsynlegt að ráðuneyti og stofnanir vinni að markmiðum hennar með því að:

- Kynna starfsmönnum framtíðarsýn, leiðarljós og aðgerðir
- Skilgreina og þekkja þarfir viðskiptavina
- Virkja starfsmenn til að finna árangursríkar lausnir sem auðvelt er að hrinda í framkvæmd
- Fara reglulega yfir framkvæmdina til að tryggja að leiðarljósi stefnunnar sé stöðugt fylgt


Í stefnunni eru notuð hugtökin netríki og netborgari. Netríki vísar til þeirrar framtíðarsýnar að þjónusta ríkisins, þ.e. opinberra stofnana og ráðuneyta, verði samhæfð og aðgengileg á Netinu. Með netborgara er átt við einstaklinga og fyrirtæki sem nýta sér þjónustu ríkisins á Netinu.

Stefnan er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 2007, en þar kemur meðal annars fram:

Unnið verði að einföldun og nútímavæðingu stjórnarsýslunnar, aukinni notkun á upplýsingatækni til að bæta opinbera þjónustu, auka skilvirkni og einfalda samskipti milli almennings og stjórnvalda.

Auk þeirra markmiða sem sett eru fram í stefnunni hafa stjórnvöld sett markmið á ýmsum sérsviðum sem mikilvægt er að unnið sé að samhliða framkvæmd stefnunnar. Má þar nefna verkefnið *Einfaldara Ísland*, fjarskiptaáætlun, áætlanir heilbrigðisráðuneytis um rafræna sjúkraskrá og heilbrigðisnet, stefnu menntamálaráðuneytis um upplýsingatækni í menntun, menningu og vísindum, stefnu stjórnvalda um opinn hugbúnað, stefnu um árangursríkan ríkisrekstur og innkaupastefnu ríkisins. Stefnan er einnig nátengd ýmsum markmiðum um umhverfismál því með aukinni þjónustu opinberra aðila á Netinu, fjarvinnu, fjarnámi og notkun fjarfundabúnaðar má spara ferðir og draga úr mengun. Að lokum má nefna að stefnan tekur mið af áætlun Evrópusambandsins fyrir upplýsingasamfélagið fram til ársins 2010.

Stefna þessi nær til áronna 2008 til 2012 og leiðarljós hennar er: Notendavæn og skilvirk þjónusta – engar biðraðir.



Þjónusta

Ísland verði netríki – gæðapjónusta með sjálfsafgreiðslu á einum stað

MARKMIÐ

1. Sjálfsafgreiðsla á Netinu

Netborgarinn geti afgreitt sig sjálfur hvenær sem er, hvar sem er og án tafar. Það gildi um hvers kyns þjónustu þar sem því verður við komið, til dæmis umsóknir, vottorð, tilkynningar, tímapantanir, gagnaskil og fleira sem snýr að samskiptum við opinbera aðila. Hægt verði að fylla í eyðublöð á Netinu, senda inn, fylgjast með afgangi og fá úrlausn mála. Biðraðir í þjónustustofnunum heyri sögunni til.

2. Netmiðstöð

Island.is verði netmiðstöð sem gefur yfirlit um þjónustu opinberra aðila. Þar verði á einum stað aðgengi að upplýsingum og þjónustu allra opinberra stofnana.

3. Upplýsingaþjónusta

Netborgarinn geti nálgast upplýsingar um sig sjálfan sem geymdar eru í kerfum opinberra aðila og einnig aðrar mikilvægar upplýsingar í vörslu þeirra.

4. Netborgarinn

Gæði opinberrar þjónustu á Netinu verði aukin með því að miða hana við þarfir og ávinning netborgarans. Hugað verði að aðgengi og þörfum allra samfélagshópa, svo sem fatlaðra, innflytjenda, þeirra sem búa í dreifbýli, erlendra viðskiptaaðila, eldri borgara og yngstu borgaranna. Í boði verði valkostir í búnaði til að nálgast opinbera þjónustu. Þannig þróist netríkið miðað við þarfir netborgarans.

Helstu aðgerðir

SJÁLFSAFGREIÐSLA Á NETINU

Ábyrgð

- Tilkynning um búferlaflutninga innanlands, fæðingarvottorð, hjúskaparstöðuvottorð ásamt annarri þjónustu Þjóðskrár DKM
- Pinglýsingar, veðbókavottorð og fleira DKM/FJR
- Sakavottorð DKM
- Lögreglustöð á Netinu, meðal annars tilkynningar til lögreglu DKM
- Stofnun fyrirtækis og breytingar á fyrirtækjaskrá FJR
- Sending staðfesta afrita af skattframtölum til ýmissa aðila, stofnana og fyrirtækja FJR
- Tekjuáætlunir og bráðabirgðaútreikningar vegna þeirra, umsóknir um elli- og örorkulífeyri ásamt annarri þjónustu Tryggingastofnunar FTR
- Umsóknir vegna atvinnuleysisbóta, fæðingar- og foreldraorlofs, styrkja til starfsmenntunar- og atvinnuþróunarverkefna ásamt annarri þjónustu stofnana félags- og tryggingamálaráðuneytis FTR
- Upplýsingamiðstöð heilbrigðismála, m.a. upplýsingar um framboð á þjónustu, hvert eigi að leita, rafrænar bókanir og annað sem getur auðveldað aðgengi HBR
- Persónulegt heilsufarsyfirlit, meðal annars bólusetningar, komur á sjúkrahús og lyf HBR
- Námsferill frá grunnskóla til háskóla MRN
- Umsóknir um styrki á vegum menntamálaráðuneytisins, meðal annars úr bókmenntasjóði, kvikmyndasjóði og tónlistarsjóði MRN
- Bifreiðaskráning, eigendaskipti bifreiða, skírteini flugmanna, skráning skips ásamt annarri þjónustu stofnana samgönguráðuneytisins SAM
- Umsóknir um byggingarleyfi SAM
- Tilboð í tollkvóta fyrir kjöt, kjötvörur og osta SLR
- Umsóknir vegna skotvopnanámskeiða, leyfi meðal annars vegna dýrasýninga, dýrahalds og inn- og útlutnings hjá Umhverfisstofnun UMH
- Umsóknir vegna löggildingar hönnuða og meistara, söluleyfi varnar- og eiturefna UMH
- Gagnaskil meðal annars í tengslum við starfsleyfi, grænt bókhald og losun gróðurhúsalofttegunda hjá Umhverfisstofnun UMH
- Þjónustuveita fyrir diplómata, ræðismenn og friðargæsluliða UTN
- Umsóknir um starfsleyfi og virka eignarhluta hjá Fjármálaeftirliti VRN
- Umsóknir um vörumerki, hönnun, einkaleyfi og greiðslur hjá Einkaleyfastofu VRN
- Upplýsingar og erindi frá eftirlitsskyldum aðilum til Fjármálaeftirlitsins VRN

NETMIÐSTÖÐ

Ábyrgð

- Aðgengi að öllum eyðublöðum opinberra aðila á Island.is og einstaklingsmiðaður aðgangur að persónulegum gögnum FOR

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

Ábyrgð

- Minnt verði á endurnýjun skilríkja, til dæmis vegabréfa og ökuskrifteina DKM
- Upplýsingar um rétt til afsláttar í heilbrigðisþjónustunni HBR
- Aðgengi að hljóð- og myndefni Ríkisútvarpsins MRN
- Aðgengi að íslenskum tónakortum hjá Þjóðskjalasafni MRN
- Aðgengi á einum stað að bókasöfnum, minja- og listasöfnum, skjalasöfnum ásamt fleiri gagnasöfnum MRN
- Árveknipjónusta á bókasöfnum, þ.e. ábendingar fyrir fræðimenn og almenning um efni sem berst safninu MRN
- Leitarbær upplýsingaveita um þýddar lagagerðir sem heyra undir EES-samninginn UTN
- Eigna- og stjórnunartengslabrunnur hjá Samkeppniseftirliti VRN

NETBORGARINN

Ábyrgð

- Nýjasta tækni verði notuð til að veita þjónustu opinberra aðila til dæmis í nýjustu gerðir farsíma Allir
- Reglur, viðmið, leiðbeiningar og fleira tengt framþróun opinberra vefja í takt við nýja tækni og auknar kröfur viðskiptavina FOR
- Vefir ráðuneyta verði til fyrirmyndar varðandi innihald, nytsemi, aðgengi og þjónustu Öll ráðuneyti
- Opinberir vefir fullnægi skilyrðum um aðgengi fatlaðra (a.m.k. kröfur W3C um A-vottun) Allir
- Viðmið um ritun texta á vefjum opinberra aðila og aukinn hlutur þýðinga á erlend mál FTR/Allir
- Kennslu- og námsgögn fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku, meðal annars myndaorðabók MRN

SKAMMSTAFANIR RÁÐUNEYTA:

DKM – Dóms- og kirkjumálaráðuneyti
FJR – Fjármálaráðuneyti
FOR – Forsætisráðuneyti
FTR – Félags- og tryggingamálaráðuneyti

HBR – Heilbrigðisráðuneyti
IDN – Iðnaðarráðuneyti
MRN – Menntamálaráðuneyti
SAM – Samgönguráðuneyti

SLR – Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti
VRN – Viðskiptaráðuneyti
UMH – Umhverfisstofnun
UTN – Utanríkisráðuneyti

Skilvirkni

Netríkið verði skilvirkt, einfalt og öruggt – gögn ferðist milli stofnana en ekki fólk

MARKMIÐ

1. Samræmt heildarskipulag

Netríkið Ísland starfi sem samhæfð stjórnsýslueining þar sem gögn flæði milli stofnana eftir þörfum viðskiptavina og upplýsingar verði samnýttar og endurnýttar þar sem því verður við komið. Hætt verði að margskrá upplýsingar. Stöðlun, samræming, samvinna milli stofnana og öryggi eru lykilatriði.

2. Einfaldari stjórnsýsla

Netríkið taki í notkun rafræn skilríki, rafrænar greiðslur og rafræn innkaup og vinni að öðrum nauðsynlegum lykilverkefnum. Einnig verði aðgengi að lykilskrám í vörslu opinberra aðila, til dæmis þjóðskrá og fyrirtækjaskrá, samræmt og einfaldað.

Sjálfvirkni innri kerfa verði aukin og ferlar einfaldaðir til að minnka skriffinnskubyrði. Rutt verði úr vegi hindrunum sem kunna að standa í vegi fyrir að hægt sé að veita þjónustu á Netinu, meðal annars með því að endurskoða lög og reglugerðir. Stuðlað verði að friðhelgi einkalífs og persónuvernd.

Upplýsingatæknin verði nýtt til að styðja markmið um störf opinberra starfsmanna óháð staðsetningu.

Helstu aðgerðir

SAMRÆMT HEILDARSKIPULAG

Ábyrgð

- Bakland rafrænnar stjórnsýslu verði styrkt meðal annars með samræmingu, samvinnu og stuðningi við stofnanir FOR
- Stöðlun og samræming í rafrænni stjórnsýslu FOR/FJR
- Skilvirk, samræmd og örugg samskipti milli upplýsingakerfa ríkisins FOR/FJR
- Rafræn samskipti skjalakerfa ríkisins FJR
- Samræmt og skilvirkt umhverfi rafrænna viðskipta VRN

EINFALDARI STJÓRNSÝSLA

Ábyrgð

- Ryðja úr vegi hindrunum fyrir rafrænni þjónustu með því að endurskoða og taka til í laga- og reglugerðarramma Allir
- Samnýta og samhæfa miðlægar skrár, til dæmis þjóðskrá, fyrirtækjaskrá og ökutækjaskrá FJR, DKM, HBR, SAM o.fl.
- Innleiða rafræn skilríki í samskiptum við opinbera aðila FJR
- Þjónusta fyrir rafræna auðkenningu og rafrænar greiðslur FOR/FJR
- Innkaup ríkisins verði rafræn, þ.e. útboð, pantanir, reikningar og greiðslur FJR
- Allar greiðslur af hálfu ríkisins verði rafrænar FJR
- Unnt verði að greiða rafrænt fyrir þjónustu ríkisins FJR
- Upplýsingatæknin verði nýtt til að styðja markmið um störf opinberra starfsmanna óháð staðsetningu FJR
- Samræma og samnýta skrár sem innihalda landupplýsingar UMH

SKAMMSTAFANIR RÁÐUNEYTA:

DKM – Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

FJR – Fjármálaráðuneyti

FOR – Forsætisráðuneyti

FTR – Félags- og tryggingamálaráðuneyti

HBR – Heilbrigðisráðuneyti

IDN – Iðnaðarráðuneyti

MRN – Menntamálaráðuneyti

SAM – Samgönguráðuneyti

SLR – Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

VRN – Viðskiptaráðuneyti

UMH – Umhverfisráðuneyti

UTN – Utanríkisráðuneyti

Framþróun

Samkeppnishæfni netríkisins byggist á virku lýðræði, góðri menntun og öflugu atvinnulífi

MARKMIÐ

1. Nýsköpun og rannsóknir

Samkeppnishæfni Íslands verði eflað með auknum rannsóknum, þróun og nýsköpun í notkun upplýsingatækni í þágu almennings og atvinnulífs. Netríkið Ísland verði skrefinu á undan og nýti sér nýjustu tækni. Fylgst verði með þróun upplýsingasamfélagsins erlendis og innanlands með ýmiss konar úttektum og kynningum og þróaðir mælikvarðar fyrir rafræna stjórnsýslu.

2. Menntun

Upplýsingatækni verði notuð í auknum mæli við nám og kennslu og fjölbreytni upplýsingatæknimenntunar verði aukin. Aukið verði samstarf menntastofnana við atvinnulíf og hagsmunaaðila. Netborgarinn geti í vaxandi mæli stundað fjölbreytt nám þar sem honum hentar og þegar honum hentar.

3. Samskipti og lýðræði

Möguleikar fólks til lýðræðislegrar þátttöku og samskipta við opinbera aðila verði auknir. Í því felst meðal annars að koma að stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatökufærum opinberra aðila. Gerðar verði tilraunir með rafrænar kosningar á sveitarstjórnarstigi.

4. Atvinnulíf

Lögð verði áhersla á útvistun og notkun upplýsingatækni til að bæta alþjóðlegt samkeppnisumhverfi íslenskra fyrirtækja.

Helstu aðgerðir

NÝSKÖPUN OG RANNSÓKNIR

Ábyrgð

- Vakta þróun upplýsingasamfélagsins meðal annars með samanburði við önnur ríki, þróun innlendra mælikvarða, könnunum og kynningum FOR
- Upplýsingar um rannsóknarinnviði á einum stað MRN
- Styrking miðstöðvar leiðsagnar fyrir frumkvöðla og lítil fyrirtæki (Impira) IDN

SAMSKIPTI OG LÝÐRÆÐI

Ábyrgð

- Auka aðkomu almennings að stefnumótun, reglusetningu og annarri ákvarðanatöku opinberra aðila Allir
- Tilraun með rafrænar sveitarstjórnarkosningar í tveimur sveitarfélögum 2010 SAM
- Þjóðaráttak í söfnun og varðveislu örnefna með þátttöku almennings UMH
- Samvinnuvettvangur um þýðingar og nýyrði á sviði alþjóðaþýðinga UTN

MENNTUN

Ábyrgð

- Notkun upplýsingatækni í námi og kennslu verði eflað meðal annars með stuðningi við UT-leiðtoga í grunn- og framhaldsskólum MRN
- Einstaklingsmiðuð próf á Netinu (rafrænn prófabanki) ... MRN
- Stafrænt námsefni fyrir grunn- og framhaldsskóla MRN
- Gagnvirkt námsefni um landgræðslu fyrir leik- og grunnskóla UMH
- Fjarnám fyrir veiðikorta- og skotvopnapróf UMH

ATVINNULÍF

Ábyrgð

- Opinberir aðilar feli einkafyrirtækjum hugbúnaðarþróun, upplýsingatækniþjónustu og rekstur þar sem því verður við komið og hagkvæmt þykir Allir
- Opinberir aðilar taki mið af þörfum atvinnulífsins við þróun upplýsingasamfélagsins Allir

SKAMMSTAFANIR RÁÐUNEYTA:

DKM – Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

FJR – Fjármálaráðuneyti

FOR – Forsætisráðuneyti

FTR – Félags- og tryggingamálaráðuneyti

HBR – Heilbrigðisráðuneyti

IDN – Iðnaðarráðuneyti

MRN – Menntamálaráðuneyti

SAM – Samgönguráðuneyti

SLR – Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

VRN – Viðskiptaráðuneyti

UMH – Umhverfisráðuneyti

UTN – Utanríkisráðuneyti

Viðauki

Nefnd um mótun nýrrar stefnu um upplýsingasamfélagið var þannig skipuð:

Guðbjörg Sigurðardóttir, *skrifstofustjóri, formaður*

Guðfinna S. Bjarnadóttir, *þingmaður*

Hreinn Hreinsson, *vefritstjóri*

Lára Stefánsdóttir, *varaþingmaður*

Pórður Heiðar Þórarinsson, *fjármálastjóri*

Með nefndinni starfaði Halla Björg Baldursdóttir, *formaður verkefnisstjórnar um rafræna stjórnsýslu*, og starfsmaður nefndarinnar var Ingibjörg Guðlaug Jónsdóttir, *stjórnmalafraeðingur*.

Nefndarstarfið fór fram frá nóvember 2007 til apríl 2008. Leitað var samráðs við tvo hópa, annars vegar kjamahóp ráðuneytis-stjóra og hins vegar ráðgjafahóp með fulltrúum ráðuneyta, stofnana og hagsmunaaðila. Á upplýsinga- og þjónustuveitunni Island.is var opnað umræðutorg þar sem almenningur og hagsmunaaðilar gátu kynnt sér tillögur um áherslur í hinni nýju stefnu og tjáð sig um þær.

Í kjamahópi voru ráðuneytisstjórnarnir:

Áslaug Árnadóttir, *viðskiptaráðuneyti*

Baldur Guðlaugsson, *fjármálaráðuneyti*

Berglind Ásgeirsdóttir, *heilbrigðisráðuneyti*

Bolli Þór Bollason, *forsætisráðuneyti*

Grétar Már Sigurðsson, *utanríkisráðuneyti*

Guðmundur Árnason, *menntamálaráðuneyti*

Kristján Skarphéðinsson, *iðnaðarráðuneyti*

Magnús Jóhannesson, *umhverfisráðuneyti*

Ragnhildur Hjaltadóttir, *samgönguráðuneyti*

Ragnhildur Arnljótsdóttir, *félags- og tryggingamálaráðuneyti*

Sigurgeir Þorgeirsson, *sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti*

Þorsteinn Geirsson, *dóms- og kirkjumálaráðuneyti*

Í ráðgjafahópi voru:

Angantýr Einarsson, *fjármálaráðuneyti*

Anna Guðrún Björnsdóttir, *Samband íslenskra sveitarfélaga*

Ari Kristinn Jónsson, *Háskólinn í Reykjavík*

Birna Kolbrún Gísladóttir, *umhverfisráðuneyti*

Bragi Leifur Hauksson, *Tryggingastofnun*

Eggert Ólafsson, *Skýrslutæknifélag Íslands*

Elfa Ýr Gylfadóttir, *menntamálaráðuneyti*

Erna Guðmundsdóttir, *BHM*

Friðrika Harðardóttir, *menntamálaráðuneyti*

Guðbjörg Björnsdóttir, *Staðlaráð Íslands*

Guðmundur H. Guðmundsson, *umhverfisráðuneyti*

Guðný Steina Pétursdóttir, *sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti*

Gunnar Alexander Ólafsson, *heilbrigðisráðuneyti*

Halla Einarsdóttir, *Félag tölvunarfræðinga*

Hanna Dóra Másdóttir, *iðnaðarráðuneyti*

Hannes G. Sigurðsson, *Samtök atvinnulíffisins*

Haraldur Agnar Bjarnason, *fjármálaráðuneyti*

Helga Óskarsdóttir, *viðskiptaráðuneyti*

Hrafnhildur Sigurðardóttir, *utanríkisráðuneyti*

Inga Ósk Jónsdóttir, *iðnaðarráðuneyti*

Ingibjörg Karlsdóttir, *Öryrkjabandalag Íslands*

Ingilín Kristmannsdóttir, *samgönguráðuneyti*

Ingimar Einarsson, *heilbrigðisráðuneyti*

Íris Björg Kristjánsdóttir, *Alþjóðahús*

Jónas Ingi Pétursson, *Embætti ríkislögreglustjóra*

Karl Alvarsson, *samgönguráðuneyti*

Kristín Jónsdóttir, *menntamálaráðuneyti*

Margrét Erlendsdóttir, *félags- og tryggingamálaráðuneyti*

Margrét Sæmundsdóttir, *viðskiptaráðuneyti*

Pétur Ásgeirsson, *utanríkisráðuneyti*

Sigríður Anna Guðjónsdóttir, *Samtök verslunar- og þjónustu*

Sigrún Klara Hannesdóttir, *Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða*

Sigurður Á. Friðbjófsson, *BSRB*

Sigurður Davíðsson, *menntamálaráðuneyti*

Skúli Þór Gunnsteinsson, *dóms- og kirkjumálaráðuneyti*

Snorri Már Skúlason, *ASÍ*

Sólveig Bjarnadóttir, *dóms- og kirkjumálaráðuneyti*

Sveinn Þorgeirsson, *iðnaðarráðuneyti*




Þórólfur Árnason, *Viðskiptaráð Íslands og Samtök upplýsingatæknifyrirtækja*

Þórunn Sæmundsdóttir, *umhverfisráðuneyti*

Þuríður Hjartardóttir, *Neytendasamtökin*

Ævar Ísberg, *Embætti ríkisskattstjóra*

Örn S. Kaldalóns, *ICEPRO*



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ